

218. fundur

stjórnar LSS haldinn fimmtudaginn 29.11 2012 kl. 13:00
á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Mættir: SBB, SvB, FH, IGG, BKr, JS, EK, VLF

1. Fundargerð síðasta fundar

Sp.

2. Inntaka nýrra félaga

Engin umsókn.

3. Málefni orlofsnefndar

Á þingi LSS var stjórninni falið að leysa málið. Reynt var að koma réttum upplýsingum á framfæri með því að boða til funda með öllum aðilum. Ekki tókst að fá alla hlutaðeigandi á fund. Ljóst er að fjárhagsáætlun lá ekki fyrir áður en nefndin fór í breytingar í Munaðarnesi. Þær tölur sem gefnar voru upp við stjórnina þann 13. apríl, standast ekki. Upplýsingar um málið og endanlegan kostnað (tæpar 5 milljónir) liggja fyrir á skrifstofu félagsins. Ákveðið var að bíða með skipan hluta af nýrri Orlofsnefnd þar til viðræður milli allra aðila hefðu átt sér stað.

4. Orlofsmál

Endanleg ákvörðun um kaup á íbúð á Akureyri verður tekin þegar öll gögn liggja fyrir í málinu. Áhugi er fyrir að festa kaup á neðri hæð í Skálatúni 33. Þegar tilboð eru komin verða þau send út á stjórnina til afgreiðslu.

5. Starfsmatið

Kynning hefur farið fram hjá SHS, BS, og SA. Unnið er að því að finna fundartíma á þeim stöðum sem eftir eru.

6. Samskipti LSS og SNS

Samskiptin eru óviðunandi. SNS tekur sér allt of langan tíma í flest mál, og upplýsingar frá þeim eru misvísandi.

7. Sjúkraflutningar

Samningar um sjúkraflutninga hjá SHS og Velferðarráðuneytinu er komið í farveg og á niðurstaða að liggja fyrir 15. des.

Umræður eru í gangi um að Grindavíkurbær taka að sér sjúkraflutningana þar af heilbrigðisstofnuninni.

Mögulega verður hægt að bjóða upp á Bráðatækninnám hjá HÍ, haustið 2013.

8. LSS 40. ára

Árið 2013 verður LSS 40 ára. Af því tilefni er ákveðið að gefa út afmælisrit af „Slökkviliðsmaðurinn“. Auk þess að vera með viðburð á degi slökkviliðsins 12. maí. Athuga með námsstefnu í samráði við fagdeildir. Fagdeild slökkviliðsmanna vinnur að uppsetningu safns í Reykjanesbæ.

9. Staðan á Akureyri

Fyrirvaralítið og á tæpum forsendum ákvað Akureyrarbær að slíta starfslokaviðræðum við við SD og IE. Fyrir fundinum liggur beiðni frá IE og SD um málsókn á hendur Akureyrarbæ vegna þessa og annara mál. Ákveðið að veita heimild til málssóknar á kostnað LSS og samkvæmt þeim skilyrðum og reglum sem LSS setur.

10. Eldvarnaátakið

Átakinu lýkur 30. nóv. Það var formlega opnað 22. nóv með kennslu og rýmingu í Hvassaleitisskóla í umsjá Guðmanns hjá SHS, formanns LSS og forstjóra Mannvirkjastofnunar.

11. Fagdeild slökkviliðsmanna. 14:30

SLS kom á fundinn. Farið yfir stjórn og reglur og verkefni deildarinnar. Finna þarf 3. manninn í stjórn.

SLS er búinn að fara í ferð um landið til að afla upplýsinga um slökkvibifreiðar vegna bókar sem verið er að vinna í í Noregi. Jafnframt fóru þeir SLS og IGG í ferð erlendis til að skoða tæki og tól og kynna sér rekstur safna. Þeir hafa unnið að undirbúningi á opnun safns í Reykjanesbæ í tilefni af 100 ára afmæli BS og 40 ára afmæli LSS.

12. Önnur mál:

- a) Fundur um samningagerð upprunnið frá ábendingum LSS

13. Mál til kynninga.

- ✓ Ársreikningar BSRB 2011
- ✓ Ársreikningar og önnur aðalfundargögn Styrktarsjóðs BSRB
- ✓ 1121 Fundur stjórnar BSRB
- ✓ Gögn er varðar orlofsmál
- ✓ Boð á ráðstefnu um krabbamein frá United Firefighters Union of Australia

Reglur Fagdeildar slökkviliðsmanna (innan LSS)

I. Kafli: Heiti deildar og tilgangur.

1. grein.

Heiti deildarinnar er “Fagdeild slökkviliðsmanna” skammstafað LSS – FSM

2. grein.

Deildin er fagdeild og tilgangur hennar er einkum eftirfarandi:

1. Að sameina í eina fagdeild alla slökkviliðsmenn innan LSS sem hafa fengið löggildingu á starfsheitinu “slökkviliðsmaður” útgefnu af Umhverfissráðherra samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000.
2. Að vera stjórn LSS til ráðgjafar um alla þá þætti er varðar málefni slökkviliðsmanna, önnur en kjaramál.
3. Að tilnefna fulltrúa í stjórn LSS og einn til vara. (með fyrirvara um breytingar á lögum LSS á landsþingi 2012).
4. Að tilnefna fulltrúa á þing LSS og í þær nefndir og ráð sem fjalla um slökkviliðsmenn samkvæmt lögum LSS.
5. Að efla fræðslu og kynningu um fagleg málefni og önnur þau atriði er varðað geta hagsmuni slökkviliðsmanna, ásamt því að vinna að aukinni starfsmenntun og starfsþjálfun þeirra.
6. Að stuðla að aukinni þekkingu almennings um brunavarnir.
7. Að standa að bættu skipulagi um menntun, öryggi og störf slökkviliðsmanna.

II. Kafli: Aðild að fagdeildinni.

3. grein.

Rétt til aðildar að fagdeildinni hafa félagsmenn LSS sem eru slökkviliðsmenn.

4. grein.

Um úrsögn úr deildinni gildir sama og um úrsögn úr LSS.

III. Kafli: Réttindi og skyldur félagsmanna.

5. grein.

Öllum félagsmönnum ber að hlýta reglum deildarinnar, fundarsköpum og fundarsamþykktum

6. grein.

Félagsmanni ber að jafnaði að taka við því trúnaðarstarfi fyrir deildina sem hann kann að vera kosinn eða skipaður til að gegna. Sá félagismaður sem gegnt hefur trúnaðarstörfum fyrir deildina í fjögur ár eða lengur samfleytt, getur skorast undan endurkjöri í jafn langan tíma.